

Sjálfbærnistefna Festi

Tilgangur, ábyrgð og áherslur

Sjálfbærnistefna Festi hefur það hlutverk að marka áherslur samstæðu Festi og rekstrarfélaga þess í umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Ýmis viðskiptatækifæri felast í sjálfbærni auk þess sem hún styrkir rekstur og undirstöður samstæðunnar til lengri tíma litið. Með fjölbreytt rekstrarsvið í gegnum dótturfélögin Bakkann vöruhótel, ELKO, Krónuna, Lyfju, N1 og Yrki eignir hefur félagið einstakt tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á sjálbæra þróun og lífsgæði í íslensku samfélagi.

Stefnan gildir fyrir allar rekstrareiningar samstæðunnar og inniheldur mælanleg markmið ásamt vísunum í ESRS (European Sustainability Reporting Standard). Stefnan tekur jafnframt mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Ítarlegri umfjöllun um umhverfisþætti er að finna í umhverfisstefnum sem til eru hjá flestum dótturfélögum samstæðunnar.

Stjórn og framkvæmdastjórn Festi samþykkja stefnu þessa. Ábyrgðaraðili og eigandi hennar er forstjóri Festi og felur hann forstöðumanni stefnumótunar að sjá um innleiðingu stefnunnar í samstarfi við sjálfbærnistjóra Festi og lykilstjórnendur. Stefna þessi og markmið eru endurskoðuð árlega, birt á heimasíðu Festi og kynnt stjórnendum og starfsfólki.

Megináherslur stefnunnar draga fram það sem skiptir Festi mestu máli út frá eigin áhrifum, væntingum hagaðila og niðurstöðum tvíása mikilvægisgreiningar (DMA). Þessi svið eru:

- **Umhverfis- og loftslagsþættir:**
 - **Loftslag og náttúra**, þar sem áhersla er lögð á að draga úr losun, vernda auðlindir og stuðla að hringrásarhagkerfi.
- **Félagslegir þættir – innri:**
 - **Mannauður**, þar sem áhersla er lögð á jafnrétti, öryggi og lýðheilsu.
- **Félagslegir þættir - ytri:**
 - **Neytendur og mannréttindi í virðiskeðju**, þar sem áhersla er lögð á að stuðla að auknum lífsgæðum neytenda og hvetja til ábyrgra framleiðsluhátta.
- **Stjórnarhættir:**
 - **Góðir stjórnarhættir og gegnsæi**, þar sem ábyrg ákvörðunartaka, skýrir ferlar og upplýsingagjöf eru lykillinn að trausti og árangri til framtíðar.

Þessar megináherslur veita skýran ramma fyrir stefnumótun, aðgerðir og markmið í sjálfbærni og eru því jafnframt áhersluatriði í sjálfbærniupplýsingagjöf félagsins. Festi birtir árlega sjálfbærniuppgjör byggt á ramma ESRS ásamt sjálfbærnisráðgjöf sem hluta af ársskýrslu félagsins.

Markmið í sjálfbærni og helstu stuðningsaðgerðir

Umhverfis- og loftslagsþættir

Festi skuldbindur sig til að vera með nettónúll losun árið 2050 og í eigin rekstri árið 2031¹. Að auki mun félagið draga úr mengun, huga að ábyrgri nýtingu auðlinda og styðja við hringrásarhagkerfi með ýmsum hætti.

- **ESRS E1: Hafa dregið úr beinni losun samstæðunnar um 98% í lok árs 2031 m.v. árið 2023**
 - Útskiptum kælimiðla sem ganga fyrir F-gösum lokið í lok árs 2031
 - Draga úr losun vegna bruna jarðefnaeldsneytis í rekstri samstæðunnar um 90% í lok árs 2031 m.v. árið 2023.
- **ESRS E1: Draga árlega úr orkunotkun per fermeter** (að undanskildri hleðslu rafbíla)
 - Skipta lýsingu í LED fyrir lok árs 2030 á staðsetningum (þar sem er rekstur hjá félagi samstæðunnar, ekki umboðsmönnum sem dæmi)
 - Velja raftæki og búnað út frá líftímakostnaði (m.a. orkunotkun í rekstri)
 - Auka uppsetningu orkumæla og vöktun á orkunotkun
- **ESRS E1, E5: Hækka flokkunarhlutfall í 90% árið 2030** (úr 72% árið 2023)
 - Draga úr magni almenns úrgangs frá samstæðunni
 - Draga úr matarsóun t.d. með skilvirkari flokkun og nýtingu lífræns úrgangs
- **ESRS E1: Draga úr óbeinni losun vegna flutninga í aðfangakeðju samstæðunnar**
 - Óska eftir útskiptaplani hjá stærstu birgjum og flutningsaðilum félaga samstæðunnar
 - Taka þátt í uppbyggingu hleðsluinnviða a starfsstöðvum sem birgjar og flutningsaðilar geta nýtt sér
- **ESRS E1, E3, E5: Draga úr óbeinni losun bæði í framkvæmdum og aðfangakeðju**
 - Nýta náttúruauðlindir á ábyrgan hátt og draga úr orkunotkun eins og hægt er
 - Lágmarka innkaup og notkun á vörum og efnum sem geta haft skaðleg áhrif á umhverfið og velja vistvæna valkosti
 - Nýta viðurkennda staðla og sjálfbærnivottanir við framkvæmdir og rekstur
- **ESRS E1, E3, S2, S4: Auka hluta sjálfbærra vara og þjónustu sem hlutfall af sölu ár frá ári**
 - Auka hlutfall vara og þjónustu með sjálfbærnivottanir og umhverfisvænar umbúðir
 - Merkja sjálfbærar vörur og einfalda viðskiptavinum að velja þær
 - Auka aðgengi að rafhleðslu fyrir farartæki
- **ESRS E2: Engin mengunarslys**
 - Draga úr líkum með forvörnum með ferlum, vöktun og fræðslu
- **ESRS E3: Kortleggja og draga úr eigin vatnsnotkun**
 - Velja vatnsparandi tæki og búnað í framkvæmdaverkefnum
 - Kortleggja betur vatnsnotkun
- **ESRS E5: Auka hlutfall endurvinnanlegra umbúða eigin vara** (framleiddar innan samstæðu eða undir merkjum samstæðunnar)
 - Velja umbúðir sem hægt er að endurnýta/-vinna (t.d. ekki frauðplast)
 - Velja umbúðir úr endurnýttum efnum (t.d. r-PET plasti eða pappi með FSC vottun)
- **ESRS E5: Vera með verkefni tengd hringrásarhagkerfi í gangi hverju sinni hjá öllum félögum samstæðunnar**

¹ Umfang 1, umfang 2, úrgangur og viðskiptaferðir í umfangi 3.

Félagslegir þættir – innri: Mannauður

Festi leggur áherslu á jafnrétti, öryggi og vellíðan á vinnustað. Markmið félagsins er að vera heilsueflandi vinnustaður. Í mannauðsstefnu Festi er að finna ítarlegri yfirferð.

- **ESRS S1: Virk þátttaka starfsfólks í vinnustaðagreiningum, yfir 80% svarhlutfall**
 - Aukin starfsánægja hjá öllum félögum samstæðunnar, öll félög setji sér markmið tengd könnun VR um fyrirmyndarfyrirtæki
 - Tökum vel á móti nýju starfsfólki með öflugri nýliðafræðslu
 - Tryggjum öflugt fræðslustarf í öllum félögum samstæðunnar
- **ESRS S1: Styðjum við aukin lífsgæði og heilsu starfsfólks**
 - Áhersla á heilsueflandi forvarnir í fræðslu
 - Tryggjum aðgengi starfsfólks að fagfólki innan heilbrigðisþjónustu með velferðarpakka
 - Þjálfva stjórnendur í að veita viðverusamtöl og tryggja að starfsfólks sem er að kljást við heilsufarsvandamál fái viðeigandi stuðning
- **ESRS S1: Tryggjum áframhaldandi jafnrétti og fjölbreytileika í stjórnunarstöðum og stefnum á 40%/60% kynjahlutfall jafnt í stjórn, forstöðumannahópum og öðrum stjórnendateymum samstæðunnar**
 - Huga að kynjahlutleysi í orðavali og framsetningu atvinnuauglýsinga
 - Leita sérstaklega eftir hæfum umsækjendum af öðru kyni en er í meirihluta í tilteknum stjórnendahópum
- **ESRS S1: Stuðla að aukinni inngildingu starfsfólks**
 - Meta niðurstöður úr vinnustaðagreiningum
 - Þjóða upp á íslenskukennslu fyrir starfsfólk af erlendum uppruna, m.a. með „Bara tala“
- **ESRS S1: Draga úr alvarlegum slysum hjá samstæðunni ár frá ári (engin slys ásættanleg)**
 - Stuðla að bættri öryggismenningu með virkri þjálfun og fræðslu til starfsfólks.
 - Skýrir ferlar tengt viðbrögðum og úrvinnslu vinnuslysa

Félagslegir þættir – ytri: Neytendur, samfélag og mannréttindi í virðiskeðju

Samstæða Festi leggur áherslu á ábyrga viðskiptahætti og gott samstarf við birgja og þjónustuaðila til að tryggja mannréttindi starfsfólks í virðiskeðjunni

- **ESRS S1, S4 og G1: Stuðlað að öryggi og trúnaði persónuupplýsinga viðskiptavina og starfsfólks**
 - Árleg yfirferð á stefnum og ferlum tengt persónuvernd hjá samstæðunni
 - Árleg fræðsla til starfsfólks um innri ferla tengda persónuvernd
 - Uppfærsla á persónuverndarstefnu fyrir Festi
- **ESRS S2, E1, E2, G1: Að allir birgjar og þjónustuaðilar samþykki siðareglur birgja og þjónustuaðila Festi**
 - Siðareglur birgja og þjónustuaðila séu kynntar fyrir öllum nýjum birgjum og þjónustuaðilum
 - Haft samband við alla virka birgja og þjónustuaðila samstæðunnar sem eiga eftir að staðfesta siðareglur
 - Eftirfylgni með svörum

- ESRS S2, E1, E2, G1: **Að allir helstu birgjar og þjónustuaðilar svari birgjamati, aðilar að baki að lágmarki 90% af veltu hvers félags**
 - Áhersla lögð á birgja í atvinnugreinum sem teljast áhættusamar út frá umhverfis- og mannréttindasjónarmiðum og sinna endurteknum verkefnum fyrir félagið
 - Þróa innra mælaborð sem heldur utan um svörun per félag
 - Viðhalda ferlum um kröfur, eftirlit og viðbrögð við óásættanlegum niðurstöðum
- ESRS S2: **Aukin áhersla á mannréttindi í virðiskeðjunni**
 - Uppfærsla á samningum við helstu birgja og þjónustuaðila með tilliti til ákvæða um mannréttindi
 - Uppfærsla á ferlum og áhættugreiningu birgja og þjónustuaðila vegna mannréttinda í virðiskeðjunni
 - Aukin fræðsla til starfsfólks
 - Innleiðing og kynning á tilkynningargátt fyrir samstæðuna

Stjórnarhættir

Festi og rekstrarfélög leggja mikla áherslu á að stunda heilbrigða viðskiptahætti í hvívetna. Með góðum stjórnarháttum er lagður grunnur að traustum samskiptum við hagaðila og stuðlað að heilindum, gegnsæi og ábyrgð í stjórnun.

- ESRS G1: **Siðareglur Festi eða viðkomandi félags séu aðgengilegar og kynntar fyrir öllu starfsfólki**
 - Núverandi siðareglur Festi endurskoðaðar
 - Uppfærðar siðareglur kynntar starfsfólki í gegnum samskiptatól samstæðunnar
 - Starfsfólk með aðgang að gæðakerfi staðfesti lestur siðareglna
- ESRS G1: **Vera meðal fremstu fyrirtækja á Íslandi þegar kemur að sjálfbærni**
 - Komast í A flokk hjá Reitun (fara ekki neðar en B1)
- ESRS G1: **Vinna markvisst gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka**
 - Tryggja nauðsynlegar stefnur og aðgerðir fyrir tilkynningaskyld félög samstæðunnar
- ESRS G1: **Vinna markvisst gegn hvers kyns spillingu eða mútum**
 - Tryggja nauðsynleg ferli innan samstæðunnar og tilheyrandi fræðslu fyrir starfsfólk
- ESRS G1: **Tryggja skýrt ferli fyrir uppljóstranir hjá samstæðunni**
 - Útfæra uppljóstrunargátt og uppfæra viðeigandi ferla